

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. júní 2019

Tilvísun: 2019040895/ÞS

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 11. apríl 2019 um umsögn um frumvarp til laga um vandaða starfshætti í vísindum (þskj. 1239, 779. mál á 149. löggjafarþingi). Ákvæði frumvarpsins um vísindastarf varða ekki vinnslu persónuupplýsinga í þágu vísindarannsóknna. Ljóst er hins vegar að um þá vinnslu, rétt eins og aðra vinnslu persónuupplýsinga, fer eftir lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem og öðrum lögum eftir því sem við á, sbr. einkum lög nr. 44/2014 um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir skipun nefndar um vandaða starfshætti í vísindum sem samkvæmt 7. gr. þess er ætlað að gefa út álitserðir um hvort vönduðum starfsháttum hafi verið fylgt við rannsóknir. Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins skal nefndin árlega gefa út skýrslu um starf sitt og er tekið fram að persónugreinanlegar upplýsingar skuli fjarlægðar fyrir birtingu skýrslunnar eftir því sem við eigi. Í athugasemdum við 5. gr. í greinargerð með frumvarpinu segir nánar að nefndin meti og útfæri í málsmeðferðarreglum að hve miklu leyti persónugreinanlegar upplýsingar skuli koma fram í ársskýrslu. Persónuvernd telur ljóst að ekki yrði unnt að haga birtingu álitserða á þann hátt að þær yrðu með öllu ópersónugreinanlegar, enda má vænta þess að ávallt þyrfti að tilgreina heiti rannsóknar. Jafnvel þótt nafn rannsakanda kæmi ekki fram í ársskýrslu ætti það jafnan að liggja fyrir annars staðar í opinberum gögnum, t.d. vísindagreinum, þar sem nafn rannsóknar kæmi fyrir og skýrslan því persónugreinanleg að því leyti. Telur Persónuvernd ekki tilefni til athugasemda við það en leggur áherslu á að einkum gæti við birtingu ársskýrslu þurft að gæta að hagsmunum þátttakenda í einstökum rannsóknum og fyrirbyggja óréttmæta birtingu upplýsinga sem rekja mætti til þeirra.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Persónuverndar,



Helga Þórisdóttir



Þórður Sveinsson